



Borgarráð

Hallgerðargata 1, sala á íbúð 209

Óskað er eftir borgarráð samþykki meðfylgjandi kaupsamning um sölu á eigninni Hallgerðargata 1, íbúð 209, til Árna Richard Árnasonar.

Greinargerð:

Á fundi borgarráðs þann 14. ágúst 2023 var samþykkt að hefja söluférlu á níu íbúðum við Hallgerðargötu.

Verðmata var aflað á íbúðirnar og ásett verð ákveðið með hliðsjón af verðmötum.

Verðmat Hallgerðargötu 1, F2517507 sem er 51,9 m² íbúð nr. 209 er skv. mati tveggja óháðra matsmanna annars vegar 55.533.000,- og hins vegar kr. 54.600.000,-

Ásett verð var ákveðið kr. 55.150.000,- og var þá horft til þess að íbúðin gæti fallið undir reglur Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) um hlutdeildarlán.

Fyrirliggjandi tilboð, sem samþykkt var með fyrirvara um samþykki borgarráðs á síðari stigum, hljóðar upp á kr. 54.500.000,-. Fyrirvarar þeir sem kaupandi setti í tilboð sitt eru ekki lengur til staðar. Greiðslutilhögun kaupsamningsgreiðslna eru eins og venja er til í hefðbundnum fasteignaviðskiptum.

Virðingarfyllt,

Óli Jón Hertervig
Fjármála- og áhættustýring
Eignaskrifstofa

Hjálagt:

- Drög að kaupsamningi dags 6. febrúar 2024
- Söluyfirlit dags. 29. janúar 2024
- Kauptilboð dags. 29. janúar 2024
- Verðmat frá Gimli dags. 11. október 2023
- Verðmat frá Eignamiðlun Suðurnesja, dags. 10. október 2023